

7
28. jan. Staðfesting ríkissjóra á skipulagsskrá fyrir „Jarðyrkjusjóð séra Björns Halldórssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. janúar 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jarðyrkjusjóð séra Björns Halldórssonar, fyrrverandi prests í Sauðlauksdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðyrkjusjóður séra Björns Halldórssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til minningar um séra Björn Halldórsson, sem prestur var í Sauðlauksdal í Rauðasandshreppi frá 1753 til 1782.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00, sem er gert ráð fyrir að verði aukið síðar með gjöfum einstakra manna og á annan hátt, eftir því sem auðið verður.

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til þess að koma á fót og starfrækja gróðrarstöð í Sauðlauksdal í Rauðasandshreppi og til þess að efla jarðrækt (garðrækt, grasrækt og skógrækt) í Barðastrandarsýslu.

Starfrækslu gróðrarstöðvarinnar skal haga þannig, að menn geti fengið þar tilsögn í garðrækt.

Ef barna- eða unglingskóli verður reistur á staðnum, skal kappkosta að reka gróðrarstöðina á þann hátt, að nemendur skólans geti notið þar fræðslu.

Stjórnin leitar samvinnu við eiganda Sauðlauksdals.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tveimur deildum.

A-deild: Í henni skulu varðveittar allar tekjur, sem sjóðurinn eignast, aðrar en þær, sem um ræðir undir B-deild.

B-deild: Í henni skulu varðveittar gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum áskotnast, til stofnunar gróðrarstöðvar í Sauðlauksdal.

6. gr.

Allir vextir af A-deild skulu lagðir við höfuðstólinn, unz hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

Eftir það má veita $\frac{3}{4}$ — þrjú fjórðu hluta — vaxtanna í því skyni, sem um getur í 4. gr., en $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hluti — vaxtanna skal leggjast við sjóðinn.

Stjórn sjóðsins má þó ákveða, að fengnu samþykki sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, að helmingur þeirra gjafa og tekna, annarra en vaxtatekna, sem deildinni áskotnast, skuli renna til B-deildar, enda hafi sjóðurinn ekki eignast féð með því skilyrði, að það skuli leggjast óskipt við höfuðstólinn.

Öllu fé B-deildar má verja til stofnunar og starfrækslu gróðrarstöðvarinnar, þegar stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir vera sóknarpresturinn í Sauðlauksdalsprestakalli, sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu og einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til fjöggra ára í senn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér störfum.

9. gr.

Stjórnin annast fjármál sjóðsins, ávaxtar fé hans í banka, sparisjóði eða tryggum, opinberum verðbréfum. Hún leitast við að afla sjóðnum tekna, ákveður störf hans og annast framkvæmd þeirra og úthlutun fjár þess, er sjóðurinn miðlar, er hann er tekinn til starfa samkv. 4. gr.

10. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega fylgja reikningi Vestur-Barðastrandarsýslu og endurskoðast af sama endurskoðanda.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þannig samþykkt á sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu, 15. apríl 1942.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Jóhann Skaptason.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Patrekshreppi.

8

28. jan.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Patrekshreppi, og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

- I. flokkur: a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikir.
c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- II. flokkur: a. Dansleikir og danssýningar.
b. Loddara- og fjölleikasýningar.
c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.